



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 5. FUNDUR Á VORÖNN 2017
MIÐVIKUDAGINN 15. MARS KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Úrsögn úr námi:

Einn nemandi sagði sig frá námi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG.

Gjaldkeri NFFG lagði fram uppgjör vegna árs hátíðar og kom það út eins og gert hafði verið ráð fyrir. Árs hátíðin fór mjög vel fram og heppnaðist vel í alla staði. Stjórn NFFG og kennarar sem störfuðu á árs hátíð voru mjög ánægðir með armböndin sem hafa verið notuð sem aðgöngumiði á síðustu tveimur böllum. Rætt var um dagskrá NFFG fram á vor og kom í ljós að verið er að vinna með nokkrar hugmyndir að viðburðum.

Önnur mál

Fresta þurfti skíðaferð í gær vegna lítillar þátttöku og skapaðist umræða um hversu seint sú ákvörðun var tekin.

Framhaldsskólakynningar verða í Laugardalshöll á morgun og föstudag og munu bæði nemendur og námsráðgjafar FG verða þar.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms- og starfsráðgjafi
Anna Jeeves fulltrúi kennara
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara
Freyr Örn Ómarsson gjaldkeri NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri og fundarritari
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Selma Rós Axelsdóttir fulltrúi NFFG
Snjólaug Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari
Tinna Ósp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi